

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 150/2011

2012/EES/59/25

frá 18. febrúar 2011

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar alin og villt veiðidýr og kjöt af öldum og villtum veiðidýrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Þar er m.a. kveðið á um kröfur um framleiðslu kjöts af öldum og villtum veiðidýrum og setningu þess á markað. Stjórnendum matvælafyrirtækja er ætlað að tryggja að slíkt kjöt sé einvörðungu sett á markað ef það er framleitt í samræmi við III. og IV. þátt III. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja megi slátra öldum strútfuglum og tilteknum öldum hóf- og klaufdýrum á upprunastað með leyfi lögbærs yfirvalds, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði eru m.a. þau að þegar dýrin, sem er slátrað, koma til slátruhússins skal fylgja þeim yfirlýsing frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, þar sem dýrin voru alin, ásamt vottorði sem opinber eða viðurkenndur dýralæknir hefur gefið út og undirritað.
- 3) Í vottorðinu, sem opinberi eða viðurkenndi dýralæknirinn hefur gefið út og undirritað, skal tilgreina slátrunardag og -stund, staðfesta að niðurstöður skoðunar fyrir slátrun hafi verið jákvæðar og að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu.
- 4) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflifun ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um aflifun dýra sem eru ræktuð eða haldin til framleiðslu á matvælum, ull, skinnum, loðfeldum eða öðrum framleiðsluvörum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að rekstraraðilar skuli tryggja að eingöngu einstaklingar,

sem eru handhafar hæfisskírteinis þar sem sýnt er fram á hæfni þeirra til að framkvæma slíkar aðgerðir í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, annist tilteknar aðgerðir við slátrun.

- 5) Líta má svo á að ekki sé nauðsynlegt að opinberi dýralæknirinn eða viðurkenndi dýralæknirinn sé alltaf viðstaddur slátrun og blóðtæmingu, sem fer fram á bújörðinni, ef stjórnendur matvælafyrirtækjanna, þar sem slátrun fer fram, búa yfir tilskilinni hæfni og eru handhafar hæfisskírteinis, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1099/2009, til að framkvæma slíkar aðgerðir. Í slíkum tilvikum skal stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að votta, í stað opinbera eða viðurkennda dýralæknisins, að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu sem og um slátrunardag og -stund.
- 6) Auk þess er í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 kveðið á um að eins fljótt og auðið er eftir að stór, villt veiðidýr hafa verið felld skuli til þess þjálfaður einstaklingur athuga skrokkinn og öll innfyli, sem tekin eru úr honum, til að leita einkenna sem gætu bent til þess að heilbrigðisáhætta stafi af kjötinu. Ef athuginin leiðir ekki í ljós óeðlileg einkenni sem geta bent til þess að heilbrigðisáhætta stafi af kjötinu, ef ekki hefur orðið vart óeðlilegrar hegðunar hjá dýrinu áður en það var fellt og leiki ekki grunur á mengun úr umhverfinu skal þjálfaði einstaklingurinn festa tölusetta yfirlýsingu á skrokk dýrsins þar sem þetta er staðfest.
- 7) Reynslan af beitingu þessara reglna sýnir að það er réttmætt að kveða á um þann möguleika að yfirlýsingin sé ekki fest á skrokk dýrsins og einnig að þessi yfirlýsing taki til fleiri en eins dýraskrokks, að því tilskildu að sýnt sé fram á og ábyrgt að bein tengsl séu á milli dýraskrokkanna og yfirlýsingarinnar um þá.
- 8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mænneldis ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur um lýðheilsu og heilbrigði dýra að því er varðar söfnun, flutning, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum, í því skyni að koma í veg fyrir að þessar afurðir skapi áhættu fyrir heilbrigði dýra eða lýðheilsu. Í VII. kafla VIII. viðauka við þá reglugerð eru settar fram kröfur um framleiðslu á veiðiminjagripum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

- 9) Samkvæmt þeirri reglugerð skulu tæknilegar stöðvar enn fremur njóta viðurkenningar lögbærs yfirvalds, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þau skilyrði eru m.a. skuldbinding tæknilegu stöðvarinnar um að fara að þeim sértæku kröfum um framleiðslu sem settar eru fram í þeirri reglugerð.
- 10) Í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að þegar um er að ræða stór, villt veiðidýr þurfi hausinn og innyflin ekki að fylgja skrokknum til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr nema þegar um er að ræða dýrategundir sem eru nærmar fyrir tríkínuveiki en þá þarf hausinn (að undanskildum skögultönnum) og þindin að fylgja skrokknum.
- 11) Í sumum aðildarríkjum þar sem löng hefð er fyrir villidýraveiðum er venja að nota heila hausa af dýrum, þ.m.t. dýr sem eru næm fyrir tríkínu, sem veiðiminjagripi. Krafan í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 gerir veiðimönnum og tæknilegum stöðvum erfitt fyrir, að því er varðar framleiðslu á veiðiminjagripum, þegar um er að ræða tegundir sem eru nærmar fyrir tríkínu.
- 12) Því skal gefa lögbærum yfirvöldum kost á að leyfa að hausar af dýrum, sem eru næm fyrir tríkínu, séu sendir til viðurkenndrar tæknilegrar stöðvar til framleiðslu á veiðiminjagripum, jafnvel áður en niðurstaða fæst úr prófuninni fyrir tríkínu. Í öllum slíkum tilvikum skulu vera fyrir hendi nægjanlegar ábyrgðir fyrir rekjanleika.
- 13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í III. þætti bætist við eftirfarandi 3. liður a:

- „3a. Þrátt fyrir j-lið 3. liðar getur lögbært yfirvald leyft að vottun um að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu og um slátrunardag og -stund komi einungis fram í yfirlýsingu stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem um getur í i-lið 3. liðar, að því tilskildu að:
- a) bújörðin sé staðsett í aðildarríki eða á svæði, eins og skilgreint er í p-lið 2. mgr. 2 gr. í tilskipun 64/432/EBE, þar sem ekki eru í gildi heilbrigðistakmarkanir í samræmi við lög Sambandsins eða landslöggjöf,
 - b) stjórnandi matvælafyrirtækisins hafi sýnt fram á tilskilda hæfni til að slátra dýrum án þess að valda þeim óþarfa sársauka, nauð eða þjáningum í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1099/2009 og með fyrirvara um 12. gr. þeirrar reglugerðar.“

2) Í stað a-liðar 4. liðar í II. kafla IV. þáttar komi eftirfarandi:

- „4.a) Ef athugun, sem um getur í 2. lið, leiðir ekki í ljós nein óeðlileg einkenni, ef ekki hefur orðið vart óeðlilegrar hegðunar hjá dýrinu áður en það var felld og leiki ekki grunur á um mengun úr umhverfinu skal þjálfaði einstaklingurinn festa tölusetta yfirlýsingu á skrokk dýrsins þar sem þetta er staðfest. Í yfirlýsingunni skal einnig tilgreina veiðidag, -stund og -svæði.

Ekki þarf að festa yfirlýsinguna við skrokk dýrsins og hún má taka til fleiri en eins dýraskrokks að því tilskildu að hver dýraskrokkur sé auðkenndur á viðunandi hátt og að í yfirlýsingunni komi fram upplýsingar um auðkennisnúmer hvers dýrs sem hún tekur til ásamt samsvarandi veiðidegi, -stund og -stað. Dýraskrokka, sem falla undir eina og sömu yfirlýsinguna, má einungis senda til einnar tiltekinnar starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr.

Haus og innfyli þurfa ekki að fylgja skrokknum til starfsstöðvarinnar, sem meðhöndlar veiðidýr, nema þegar um er að ræða dýrategundir sem næmar eru fyrir trikinuveiki (svín, hófdýr o.fl.) en þá þarf hausinn (að undanskildum skögultönnum) og þindin að fylgja skrokknum.

Lögbæra yfirvaldið getur þó leyft að hausar af dýrum, sem eru næm fyrir trikinu, séu sendir til tæknilegrar stöðvar, sem hefur verið viðurkennd í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, til framleiðslu á veiðiminjagripum. Þjálfaði einstaklingurinn skal tilgreina í yfirlýsingu sinni um hvaða tæknilegu stöð er að ræða. Senda skal eintak af yfirlýsingunni til tæknilegu stöðvarinnar. Ef niðurstöður úr rannsókn á skrokknum vegna trikinu eru jákvæðar skal lögbært yfirvald framkvæma opinbera skoðun til að staðfesta að hausinn hafi verið meðhöndlaður á viðeigandi hátt í tæknilegu stöðinni.

Veiðimenn verða þó að uppfylla öll viðbótarskilyrði sem sett eru í aðildarríkinu þar sem veiðin fer fram, einkum til að unnt sé að hafa eftirlit með tilteknum efnaleifum og efnum í samræmi við tilskipun 96/23/EB.“